

# Leikskólinn Tröllaborg



(setti myndirnar bara inn að gamni – þurfa ekkert að vera ☺)

## ***Niðurstöður SET-lista í mars 2017***

Set - listinn er matstæki til að meta árangur og uppbyggingu á SMT - skólafærni. Listinn er lagður fyrir einu sinni á ári og er því hentugur til þess að gera samanburð á milli ára. Elín Berglind Guðmundsdóttir, leikskólakennara í leikskólanum Ársölum heimsótti leikskólann Tröllaborg þann 23. mars 2017. Berglind ræddi við börn á leikskólanum, starfsfólk og stjórnendur ásamt því að fylgjast með daglegu starfi og rýna í ýmiss gögn.

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli sem er starfræktur á tveimur stöðum. Annars vegar Barnaborg á Hofsósi þar sem eru 9 börn á aldrinum 1 - 5 ára og 3 starfsmenn og hins vegar Brúsabær á Hólum í Hjaltadal en þar eru 11 börn og 3 starfsmenn. Ekkert barn er með stuðning í Brúsabæ en í Barnaborg eru tvö börn með stuðning. Mikill stöðuleiki er í starfsmannahaldi.

Hvað dagskipulag varðar þá virtist það ekki sýnilegt á hvorugum staðnum. Hvorki var um myndrænt/sjónrænt skipulag í hæð barnanna eða skriflegt skipulag fyrir kennara.

Í leikskólanum Tröllaborg eru fimm yfirreglur og þrjár undirreglur á þremur mismunandi svæðum. Auk þess er ein yfirreglan „að vera kurteis“ með fimm mismunandi skilgreiningar eftir því á hvaða svæði hún er. Skýringarnar eru stjörnumerktar í reglutöflu með númerunum 1,3,4,5 og 7. Í fataherbergi er reglan „að vera kurteis“ ekki skilgreind og er það eina svæði sem þessi regla er ekki með útskýringar. Aftur á móti er ekki samræmi í stjörnumerktu skilgreiningunum sem eru 1,2,3,4 og 5 skilgreiningarnar. Auk þess er tvennskonar skilgreining á reglunni

„að vera kurteis“ í leik stjörnumerkt 4 og 5. Á þessu svæði þýðir hún bæði að sýna vinsemd, ekki skilja útundan og virða verk annarra. Skilgreiningar reglunnar „að vera kurteis“ eru :

- 1) Gefa næði
- 2) Sitja kyrr
- 3) Hafa hljóð og hlusta
- 4) Sýna vinsemd, ekki skilja útundan
- 5) Virða verk annarra

Undirreglurnar eru „klæða sig í og úr“ í fataherbergi. „Að þvo hendur“ á snyrtingu og „að taka þátt“ í samverustund.

Fyrir utanað komandi virkar reglutaflan frekar ruglingsleg og óaðgengileg.

Hér að neðan er farið yfir niðurstöður listans (flokkar A-H):

## **A - Reglur skilgreindar - 7/8 = 87%**

Þættir A og B

### Brúsabær

Reglur eru almennt sýnilegar í hæð barnanna inni á deild. Í fataherbergi voru reglumyndirnar heldur hátt uppi að mati matsaðila. Engar myndir voru sýnilegar á salerni en ástæðan fyrir því var sú að nýlega hafði verið „sulludagur“ í leikskólanum og myndirnar því teknar niður, verða væntanlega hengdar upp aftur.

### Barnaborg

Reglur eru sýnilegar og eru flestar í hæð barnanna inni á deild. Þess má geta að aldur barnanna er breiður, yngstu börnin eru 1 árs og elsta barnið er 5 ára og því talsverður hæðarmunur á þeim.

## **B - Reglur kenndar - 4/6 = 67%**

Til er kennsluáætlun þar sem kemur fram hvenær reglurnar eru kenndar. Kennarar áttu auðvelt með að telja upp reglurnar, bæði yfirreglurnar og reglur sem tilheyra sérstökum svæðum. Rætt var við sex börn, þrjú á hvorri deild, og gátu tvö þeirra nefnt þrjár reglur, þrjú börn gátu nefnt tvær reglur og eitt barn nefndi eina reglu. Þess má geta að í Tröllaborg eru fimm yfirreglur og þrjár undirreglur, sem eru með mismunandi skilgreiningum eftir svæðum. Börnin virtust rugla saman reglunum og

skilgreiningum. Þegar reglurnar eru kenndar setur kennarinn upp húfu til aðgreiningar og reglurnar eru kenndar rétt og rangt í samverustund.

### **C - Viðbrögð við æskilegri og óskilegri hegðun 9/14 = 64%**

Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Nemendur safna brosbörnum á tré og er umbunin sýnileg. Þegar tilteknum fjölda brosbarna er náð er umbun veitt. Umbun getur t.d. verið leikfangadagur, hjóladagur, búningadagur, sulludagur, náttfatadagur að vera „ein“ úti (kennarar fylgjast með í glugga) svo eitthvað sé nefnt. Auk þess geta börnin komið með aðrar hugmyndir og þá er skoðað hvort þær séu framkvæmanlegar í leikskólanum. Allir starfsmann notuðu aðferðir sem samræmast SMT til að umbuna börnunum fyrir æskilega hegðun annað hvort með brosum eða félagslegri hvatningu s.s. orð á hegðun, bros, þumalinn og fimmu. Starfsfólk virtist vera meðvitað um SMT og hvernig ætti að nota það. Samræmi var milli deilda.

Til er ákveðið ferli sem starfsmenn fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun. Skýr fyrirmæli, skýr fyrirmæli endurtekin, orð á hegðun og vísað úr aðstæðum.

Í áhorfi á deild voru tvær jákvæðar athugasemdir á Brúsabæ og þrjár á Barnaborg. Eingar neikvæðar athugasemdir komu fram, hvorki á Brúsabæ né Barnaborg, á skráningartímanum og er það jákvætt.

### **D - Skipulag og fyrirsjáanlegt umhverfi - 5/10 = 50%**

Dagskipulagið er ekki sýnilegt inni á deild. Dagurinn gengur alltaf eins fyrir sig og allir eru með það á hreinu hvað gerist eftir söngstund en þá tekur við hádegismaturinn. Öll börnin gátu sagt hvað kæmi á eftir söngstund það sama átti einnig við um kennarana.

Athuganda fannst skrítið að dagskipulag væri ekki sýnilegt en það virtist ekki trufla starfið. Samskiptin virtust vera góð og kennarar lögðu sig fram um að tala í anda SMT. Hugsanlega má álíkta að þörfin fyrir sýnilegt dagskipulag sem minni þegar um minni leikskóla er að ræða, leikskólakennararnir eiga auðveldar með að koma skilaboðum til allra barnanna í hópnum og meðvitund barnanna um daglegt skipulag jafnvel meiri en í stærri leikskólum.

## **E - Eftirlit og ákvaðantaka 8/8 = 100%**

Skráningar eru gerðar skipulega tvisvar sinnum á önn og eftir þörfum. Til eru eyðublöð til að skrá óæskilega hegðun. Þegar skráningarviku lýkur eru upplýsingarnar settar inn í Exel skjal sem einn kennaranna hannaði. „Exel skjalið góða“ er aðvelt í notkun og hver deild sér um að skrá fyrir sig.

## **F - Þátttaka foreldra. 10/10 = 100%**

Báðir deildarstjórnarnir hafa reglulega samskipti við foreldra. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að taka þátt og fylgjast með starfinu. Allar upplýsingar um reglur og væntingar eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Sama fyrirkomulag er á hvernig reglur eru kenndar, hvernig brugðist er við æskilegri og óæskilegri hegðun. SMT kynningar er haldnar á foreldrafundum að hausti.

## **G - Stjórnun 9/12 = 75%**

Í skólanum er SMT-teymi og það skipa:

- Anna Árnína Stefánsdóttir leikskólastjóri er teymisstjóri
- Christine Hellwig deildarstjóri Brúsabæ er meðstjórnandi
- Ásrún Leósdóttir deildarstjóri Barnaborg er möppustjóri og ritari.

Leikskólinn er tveggja deilda, rekinn á tveimur stöðum, eins og kemur fram hér að ofan þá sitja í því báðir deildarstjórnarnir auk leikskólastjóra í SMT - teyminu fulltrúar hvorrar deildar. SMT-teymið fundar sjaldnar en einu sinni í mánuði en ef einhver mál koma upp þá er fundað eftir þörfum. SMT -teymið sér um að miðla upplýsingum til annarra kennara leikskólans. Aðgerðaráætlun um innleiðingu/upprifjun SMT-skólafærni er til staðar. Þeir kennarar sem rætt var við hafa vitneskju um SMT-teymið og hlutverk þess.

## **H - Stuðningur við verkefnið 8/8 = 100%**

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni í að þróa og viðhalda SMT - skólafærni en það kemur ekki að sök vegna þess að ef eitthvað vantar þá er það keypt td. bros, teygjur, möppur og þess háttar. Eins er með undirbúningsvinnu og skipulagningu við SMT - skólafærni, kennarar fá nauðsynlegan undirbúningstíma til þess háttar vinnu. Starfsfólk Tröllaborgar hefur átt kost á fræðslu og/eða þjálfun á árinu.

Heildarmeðaltal er 80,4%. Leikskólinn Tröllaborg vinnur með SMT - skólafærni á fullnægjandi hátt. Haldið áfram með ykkar góða starf og munið að betur má ef duga skal.

Til hamingju með að góðan árangur í SMT skólafærni.

*Elín Berglind Guðmundsdóttir*